

Sjóvá – Árshlutauppgjör

13 m.kr. tap og samsett hlutfall 99,4% á fyrstu sex mánuðum ársins

Annar ársfjórðungur 2024

- Tap af váttryggingasamningum fyrir skatta 150 m.kr. (2F 2023: 495 m.kr. hagnaður)
- Tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 317 m.kr. (2F 2023: 415 m.kr. tap)
- Tap tímabilsins 434 m.kr. (2F 2023: 69 m.kr. tap)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 0,3% (2F 2023: -0,2%)
- Samsett hlutfall 101,8% (2F 2023: 93,6%)

Fyrstu sex mánuðir ársins 2024 og horfur

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 92 m.kr. (6M 2023: 401 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 46 m.kr. (6M 2023: 397 m.kr.)
- Tap tímabilsins 13 m.kr. (6M 2023: 566 m.kr. hagnaður)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 1,5% (6M 2023: 1,4%)
- Samsett hlutfall 99,4% (6M 2023: 97,3%)
- Horfur fyrir árið 2024 eru óbreyttar og gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%
- Horfur til næstu 12 mánaða eru óbreyttar og gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%

Hermann Björnsson, forstjóri:

Tap Sjóvár á öðrum ársfjórðungi nam 434 m.kr. og samsett hlutfall var 101,8%. Afkoma fjárfestinga fyrir fjármagnsliði var 61 m.kr. og tap af váttryggingasamningum var 150 m.kr.

Almennt séð var tjónaþróun hagfelld á fjórðungnum og betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hins vegar hentu fjórir stórir brunar viðskiptavinir okkar á fjórðungnum. Eðli málsins samkvæmt hafa tjón sem þessi mikil áhrif á afkomu þess fjórðungs sem þau lenda á en undirliggjandi rekstur er mjög sterkur sem mildar áhrifin að miklu leyti. Áhrif brunatjóna á samsett hlutfall á fjórðungnum nam 10 prósentustigum.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði var 61 m.kr. sem er undir væntingum en ásættanlegt í ljósi markaðsaðstæðna þar sem innlendir eignamarkaðir hafa verið afleitir síðustu misseri. Allir eignaflokkar, að undanskildum skráðum hlutabréfum, skiluðu jákvæðri afkomu á fjórðungnum. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var -3,6%, ríkisskuldabréfa 1,4%, annarra skuldabréfa 2,1% og safnsins alls 0,3%. Í lok annars fjórðungs nam stærð eignasafnsins 56,6 milljörðum kr.

Hagnaður Sjóvár fyrir skatta á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 176 m.kr. Þar af nam hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 92 m.kr. og samsett hlutfall 99,4%. Þá var hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði og skatta 764 m.kr.

Mikið var um að vera á nýliðnum ársfjórðungi og margar ánægjulegar fréttir af starfseminni.

Í ár fagnar vildarþjónusta Sjóvár, Stofn, 30 ára afmæli og eru því 30 ár liðin frá því að við hófum að endurgreiða tjonlausum Stofnfélögum hluta þeirra iðgjalda árlega. Heildarendurgreiðslur til viðskiptavina í Stofni á þessum 30 árum nema rúmlega 10 milljörðum króna. Stofn er fjölmennasta vildarkerfi á íslenskum tryggingamarkaði og eru fjölskyldur í Stofni nú 42.700.

Sem fyrr er Sjóvá fyrsta val á tryggingamarkaði og með tryggustu viðskiptavinina skv. könnun Prósents í apríl 2024. Þá er Sjóvá sjöunda árið í röð í 10 efstu sætum meðal stærri fyrirtækja í könnun VR um Fyrirtæki ársins 2024. Sjóvá hlaut því nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2024 ásamt því að fá Fræðsluviðurkenningu VR, sem er ný viðurkenning og veitt einu fyrirtæki í hverjum stærðarflokki sem þykir skara fram úr í starfsþróun og eflingu símenntunar.

Við erum afar ánægð með þessar góðu niðurstöður og þakklát fyrir að starfsfólk okkar sé jafn ánægt og stolt af því að starfa hjá Sjóvá eins og raun ber vitni. Öflugur mannauður er grunnurinn að góðri þjónustu og ánægju viðskiptavina.

Þá gaf Reitun nýlega út UFS sjálfbærnimat á Sjóvá sem fékk einkunnina B1 og 80 stig af 100 mögulegum sem telst góð einkunn. Félagið hækkar um tvö stig milli ára og fer upp um flokk úr B2 í B1. Matið gerir grein fyrir hvernig fyrirtæki standa frammi fyrir áhættum sem snúa að umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum.

Þegar horfur fyrir 2024 eru metnar verður að taka tillit til stórra brunatjóna sem hent hafa okkar viðskiptavini það sem af er ári. Okkar áætlanir gera ráð fyrir stórum tjónum sem nú hafa raungerst á fyrstu 6 mánuðum ársins. Einnig verður að líta til þess að undirliggjandi rekstur á fyrstu 6 mánuðum er afar sterkur og umfram væntingar. Horfur fyrir árið 2024 eru óbreyttar og er afkoma af váttryggingasamningum því enn áætluð 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall á bilinu 95-97%. Að óbreyttu má reikna með að niðurstaðan verði í neðri mörkum í afkomu og efri mörkum í samsettu hlutfalli. Horfur til næstu 12 mánaða eru einnig óbreyttar og gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%. Gangi þessar horfur eftir verður að telja þá niðurstöðu mjög vel viðunandi.

Kynningarfundur 17. júlí kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 17. júlí kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjörið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-2f-2024/>. Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

3. ársfjórðungur 2024	21. október 2024
Ársuppgjör 2024	6. febrúar 2025
Aðalfundur 2025	13. mars 2025

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna annars ársfjórðungs 2024.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	2F 2024	2F 2023	%	6M 2024	6M 2023	%
Tekjur af váttryggingasamningum	8.344.671	7.767.544	7,4%	16.426.380	15.105.849	8,7%
Tjón tímabilsins	(6.285.022)	(5.370.310)	17,0%	(12.285.810)	(11.962.752)	2,7%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.684.715)	(1.546.982)	8,9%	(3.304.847)	(3.080.901)	7,3%
Afkoma af endurtryggingasamningum	(524.511)	(354.856)	47,8%	(743.339)	338.521	-
Afkoma af váttryggingasamningum	(149.577)	495.397	-	92.383	400.717	-76,9%
Hreinar fjármunatekjur	290.361	209.993	38,3%	575.560	649.302	-11,4%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(120.526)	(307.152)	-60,8%	378.639	130.343	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(109.069)	(73.023)	49,4%	(190.080)	(151.331)	25,6%
Afkoma fjárfestinga	60.766	(170.182)	-	764.118	628.313	21,6%
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(377.721)	(244.807)	54,3%	(717.872)	(230.876)	-
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	(316.954)	(414.989)	-23,6%	46.246	397.437	-88,4%
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	(466.532)	80.409	-	138.629	798.154	-82,6%
Aðrar tekjur	67.227	31.775	-	96.701	75.281	28,5%
Annar rekstrarkostnaður	(12.670)	(10.678)	18,7%	(25.611)	(24.509)	4,5%
Annar fjármagnskostnaður	(16.762)	(17.097)	-2,0%	(33.571)	(34.029)	-1,3%
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(428.737)	84.409	-	176.147	814.896	-78,4%
Tekjuskattur	(5.060)	(153.557)	-96,7%	(188.688)	(248.524)	-24,1%
(Tap) hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins	(433.797)	(69.148)	-	(12.541)	566.372	-
Helstu kennitölur	2F 2024	2F 2023		6M 2024	6M 2023	
Tjónahlutfall	75,3%	69,1%		74,8%	79,2%	
Endurtryggingahlutfall	6,3%	4,6%		4,5%	(2,2%)	
Kostnaðarhlutfall	20,2%	19,9%		20,1%	20,4%	
Samsett hlutfall	101,8%	93,6%		99,4%	97,3%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	(8,1%)	1,7%		1,6%	8,0%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	(8,2%)	(1,4%)		(0,1%)	5,5%	
Eiginfjárlutfall				29,8%	30,6%	
Gjaldþolshlutfall				1,34	1,40	
Lágmarksfjármagnshlutfall				3,10	3,16	
Helstu liðir úr efnahagsreikningi				30.06.2023	31.12.2023	
Verðbréf				54.541.956	54.267.272	
Endurtryggingaeignir				1.529.152	1.815.922	
Eignir samtals				70.097.143	69.304.836	
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga				39.808.766	36.748.810	
Eigið fé samtals				20.856.790	23.321.301	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 30. júní 2024 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 17. júlí 2024. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.